

Auglýsing

um kosning eins alþingismanns fyrir Reykjavíkurborg.

Með því að kosning Jakobs ritstjóra Möller til alþingismanns fyrir Reykjavíkurborg yfirstandandi kjörtímabil hefir verið gerð ógild af Alþingi, er hjermeð samkvæmt 53. gr. laga nr. 28., 3. nóvember 1915, um kosningar til Alþingis, fyrirskipað, að ný kosning skuli fara fram laugardaginn 21. febrúar 1920 á einum þingmanni fyrir borgina um þetta kjörtímabil.

Frestir þeir, sem ákveðnir eru í kosningalögunum eru styttnir þannig, að framboðsfrestur er til 17. þessa mánaðar, að þeim degi meðtöldum, og [að tveimur dögum] þareftir skulu kjörseðlar fullgerðir.

Þetta er hjermeð birt öllum þeim, er hlut eiga að máli, og hefir verið lagt fyrir hlutaðeigandi yfirkjörstjórn að undirbúa kosningu þessa og sjá um, að hún fari fram samkvæmt fyrirmælum kosningalaganna.

Í dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins 11. febr. 1920.

Jón Magnússon.

G. Sveinbjörnsson.